

HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS EYSTRÁ

**STARFSSKILYRÐI VEGNA
MENGUNARVARNA FYRIR JARÐGERÐ Á
LÍFRÆNUM ÚRGANGI, S.S. FRÁ SLÁTURHÚSUM,
KJÖTVINNSLUM, FISKVINNSLUM, MÖTUNEYTUM
OG HEIMILUM**

*Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd
valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun
lífriks eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til
óþæginda vegna ólyktar, hávaða, geislunar,
títrings og varmaflæðis.*

1. ALMENNT

- 1.1. Leitast skal við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni (BAT) og gæta þess að nýta orku vel. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN 14.000:1996, eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 990/2005 um frjálssa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.
- 1.2. Húsnæði, umhverfi og geymslusvæði rekstraraðila skal þannig útbúið og frágengið að ekki valdi óþrifum, mengun, óþarfa ónæði, óhollustu eða óþrýði. Athafnasvæði skal girt af, aðgangur að móttökustaðnum takmarkaður og hlið skulu lokað nema þegar starfsemi fer fram. Gera skal ráðstafanir til að hindra fok úrgangsefna og koma í veg fyrir rykmyndun, ólykt og hávaða.

2. MENGUNARVARNIR

2.1. Jarðgerð og þroskun afurða

- 2.1.1. Lífrænan úrgang skal tæta og jarðgera í þar til ætluðum tromlum sem eru staðsettar í húsnæði rekstraraðila. Skyld er að skrá magn lífræns úrgangs og stöðfna sem eru notuð við jarðgerðina. Einnig skal skrá notkun viðbótarefna sem eru notuð í hverja jarðgerðarloftu. Hitastig hveirrar jarðgerðarloftu skal skrá daglega. Leiða skal loft frá jarðgerð upp fyrir þakbrún á þann hátt að ólykt verði lágmarkuð. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að skráningum rekstraraðila.
- 2.1.2. Öll vinnsla moltu skal fara fram á þar til ætluðum svæðum á þann hátt að ekki berist ólykt til nágranna og þannig að hráefni eða afurðir verði ekki að æti fyrir meindýr eða önnur dýr. Óheimilt er að geyma óunninn úrgang á lóð fyrirtækisins. Við notkun skal moltan fullnægja kröfum um efna- og smitberainnihald í samræmi við kröfur þar um.
- 2.1.3. Um smitvarnir búfjárjúkdóma fer skv. skilyrðum Matvælastofnunar (héraðsdýralæknir), sbr. reglugerð um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum, nr. 820/2007.

2.2. Spilliefni (hættulegur efnaúrgangur) og aðskotahlutir:

- 2.2.1. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni eða aðskotahlutir séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til jarðgerðar. Spilliefnum og aðskotahlutum sem kunna að berast skal taka frá hráefni til jarðgerðar og komið til viðurkenndra móttökustöðva fyrir spilliefni og annan úrgang. Óheimilt er að geyma spilliefni til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins.
- 2.2.2. Þegar spilliefnum er skilað skal kvittun fyrir skilunum fengin frá flutningsaðila eða móttökustöðinni. Á kvittuninni skal koma fram nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu. Næsta spilliefnamóttaka er hjá

Endurvinnslunni h.f., Réttarhvammi 3, Akureyri, sími 461 2838 (útstöðvar í tengslum við áhaldahús sveitarfélaga í Ólafsfirði, Dalvík, Grenivík og Hrísey).

2.3. Fráveituvatn:

2.3.1. Fráveituvatni skal farga á þann hátt að heilsu manna og dýra stafi ekki hætta af og röskun á lífríki verði sem minnst. Óheimilt er að láta hvers kyns olíur eða önnur spilliefni í fráveitu. Fari niður fita, olíur eða annar fljótandi úrgangur á vinnslusvæðum, skal strax hreinsa upp eins og kostur er.

2.3.2. Um fráveitur og hreinsun skólps fer samkvæmt III. kafla reglugerðar um fráveitur og skólp, nr. 798/1999, þ.e. krafa um tveggja þrepa hreinsun. Heilbrigðisnefnd getur krafist frekari mengunarvarna vegna frárennslis ef ætla má að mengun fari yfir mörk.

2.4. Hávaði:

2.4.1. Takmarka skal hávaða eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi.

2.4.2. Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í reglugerðum um hávaða.

2.5. Loft:

2.5.1. Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengdu lofti. Þess skal gætt að reykur, ryk og hættulegar, daunillar eða lyktarmiklar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi.

2.5.2. Loftræstingu frá mengunaruppsprettum skal leiða upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur. Heilbrigðisnefnd getur krafist frekari mengunarvarna til að fyrirbyggja loft- og lyktarmengun.

3. MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

3.1. Umbúðir hættulegra efna og efnaúrgangs skulu merktar með varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum sbr. ákvæði reglugerðar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, nr. 236/1990, með breytingum.

3.2. Geyma skal öll hættuleg efni og efnaúrgang á öruggan hátt og í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.3. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna, sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar um ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.

4. EIGIÐ EFTIRLIT

- 4.1.** Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila, t.d. í ársskýrslu.
- a) Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir á vélum, mengunaróhöpp og kvartanir.
 - b) Magn, gerð og ráðstöfun úrgangs og stoðefna sem tekið er á móti til jarðgerðar og ráðstöfun og nýting moltu.
 - c) Magn, gerð og ráðstöfun efna sem henta ekki til jarðgerðar, s.s. tilfallandi efna úr grófhreinsun, aðskotahluta og spilliefna.
 - d) Sýnatökur og niðurstöður mælinga á mengunarefnum og örverum.

5. VIÐBRÖGÐ VIÐ MENGUNARÓHÖPPUM (NEYÐARÁÆTLUN)

- 5.1.** Rekstraraðili skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum (neyðaráætlun), Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægandi þekkingu á mengunar- og smíthættu þeirra efna og úrgangs sem unnið er með.
- 5.2.** Ef mengunaróhapp verður, s.s. að fita, olíur eða annar fljótandi úrgangur lekur niður í fráveitu eða út í umhverfið, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva lekann og grípa til hreinsunaraðgerða. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlitið og aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á (t.d. slökkvilið og lögregla).

6. STARFSEMI HÆTTIR

- 6.1.** Tilkynna skal til heilbrigðiseftirlitsins ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður eða ef eigendaskipti verða.

7. ÝMIS ÁKVÆÐI

- 7.1.** Eintök af starfsreglum þessum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.
- 7.2.** Rekstraraðili ber ábyrgð á að fyrirtækið starfi í samræmi við starfsreglur þessar.
- 7.3.** Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Furuvöllum 1, 600 Akureyri, sími 462 44 31, fax. 461 23 99, netfang: hne@hne.is
- 7.4.** Um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglum settum samkvæmt þeim.